

# Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

## FUNDARBOÐ – 365. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 22. desember 2022 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 10:00.**

### Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Fundargerð 166. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 20. desember 2022.
- 2) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 19. desember 2022, varðandi hækkun útsvars-álagningar.
- 3) Bréf frá valnefnd umdæmisráðs, dags. 16. desember 2022, varðandi samning um rekstur umdæmisráðs landsbyggða
- 4) Bréf frá Matvælaráðuneytinu, dags. 12. desember 2022, varðandi úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2022/2023.
- 5) Minnispointar bæjarstjóra.

**Snæfellsbæ, 20. desember 2022**  
**Kristinn Jónasson, bæjarstjóri**

## Kristinn Jónasson

---


**From:** Karl Björnsson <karl.bjornsson@samband.is>  
**Sent:** mánudagur, 19. desember 2022 10:52  
**To:** Karl Björnsson  
**Subject:** Samkomulag um breytingu á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk og hækkun útsvarsálagningar  
**Attachments:** Málefni fatlaðs fólks\_samkomulag\_20221612 (1).pdf

### Til framkvæmdastjóra sveitarfélaga

Með vísan til þeirra tölvubréfa hér að neðan sem ég hef sent ykkur undanfarið fylgir hér með til upplýsingar samkomulagið um breytingu á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk. Vegna tímapressu var ákveðið að rita undir það rafrænt, en hér er frétt á vefsíðu okkar um málið. Umfjöllun um það hefur einnig verið í fjölmiðlum. Alþingi samþykkti þessar breytingar sl. föstudag.

Vegna fyrirspurna sem borist hafa er rétt að taka fram að það er sveitarstjórn sem þarf að samþykka útsvarshækkunina fyrir áramót. Ekki nægir að byggðaráð samþykki þessa breytingu.

Með bestu kveðju,  
Karl Bj.



**Karl Björnsson**  
framkvæmdastjóri  
Beint innval: 515 4910  
Netfang: [karl.bjornsson@samband.is](mailto:karl.bjornsson@samband.is)

**Samband íslenskra sveitarfélaga**  
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík  
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903  
[www.samband.is](http://www.samband.is)

---

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 5. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.

---

**From:** Karl Björnsson  
**Sent:** 16 December 2022 13:30  
**To:** Karl Björnsson <karl.bjornsson@samband.is>  
**Subject:** Fjármögnun þjónustu við fatlað fólk og hækkun útsvarsálagningar - Samkomulag er í höfn

### Til framkvæmdastjóra sveitarfélaga

Þann 14. desember sl. sendi ég ykkur póstinn hér að neðan með því loforði að láta ykkur vita um leið og niðurstaða lægi fyrir í þessu máli. Nú rétt í þessu náðist samkomulag um breytingu

á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk milli þriggja ráðuneyta og sambandsins. Eftir er að undirrita samkomulagið, en það er einungis formsatriði.

4.gr. samkomulagsins hljóðar svo:

**„Breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga**

*Hámarksútsvar sveitarfélaga, sem ákveðið er í 1. mgr. 23. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, sem er nú 14,52%, skal hækkað um 0,22% samhliða lækkun á tekjuskatts um samsvarandi hlutfall í báðum skattþrepum.*

*Gert er ráð fyrir að lækkun hámarksútsvars skv. 2. mgr. renni í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Hlutfall útsvarstekna vegna málefna fatlaðs fólk sem fer í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga skv. 2. tölul. c-lið 8. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga er nú 0,99% og skal hlutfallið því hækka um 0,22% stig samhliða lækkun hámarksútsvars í 1,21%.*

*Breytingar á hámarksútsvari sveitarfélaga taka gildi fyrir árið 2023 og sveitarfélögum verður heimilað að ákvarða útsvar vegna ársins 2023 eigi síðar en 30. desember 2022 og tilkynna það fjármálaráðuneytinu eigi síðar en þann dag, sbr. 24. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.“*

5. gr. samkomulagsins hljóðar svo:

**„Skipting framlags**

*Aðilar eru sammála um að lækkun útsvarstekna sveitarfélaga samkvæmt samkomulagi þessu, verði hluti af framlögum Jöfnunarsjóðs sem veitt eru til sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólk á grundvelli þeirra laga og reglna sem gilda um framlög sjóðsins til málaflokksins, sbr. m.a. 2. mgr. 13. gr. a. laga um tekjustofna sveitarfélaga.“*

Lagabreytingar á grundvelli þessa verða væntanlega samþykktar á Alþingi í dag eða á morgun.

Þetta þýðir á einföldu máli að sveitarstjórnir þurfa að samþykkja og tilkynna fjármálaráðuneytinu í síðasta lagi 30. desember nk. lækkun útsvarsálagningar um 0,22% stig ef þau ætla koma skaðlaus frá því að þetta sama hlutfall verði tekið af heildarútsvarsálagningu sveitarfélagsins og látið renna í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til fjármögnunar á útgjöldum vegna þjónustu við fatlað fólk. Ef sveitarstjórn kýs að hækka ekki útsvarsálagninguna um þetta hlutfall mun það engu að síður verða tekið af heildarútsvarsálagningu sveitarfélagsins og fært til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og þar með lækka þær útsvarstekjur sem renna beint til sveitarfélagsins.

Þar sem að ríkið mun lækka tekjuskattsálagningu sína um samsvarandi hlutfall munu skattgreiðendur ekki verða fyrir skattahækkun eða lækkun vegna þessa, að því gefnu að sveitarfélög hækki útsvarsálagninguna.

**Áætlað er að þessi breyting auki tekjur inn í málaflokkinn um 5 ma.kr. á næsta ári.**

Til upplýsingar er mikilvægt að þið vitið að í samkomulaginu kemur fram að starfshópur ríkis og sveitarfélaga (HLH-nefndin) sem skipaður var sl. sumar og er ætlað að móta tillögur um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga í málaflokknum á grundvelli kortlagningar á kostnaðarþróun málaflokksins undanfarin ár, skuli ljúka störfum eigi síðar en 30. apríl 2023. Hópnunum er einnig falið að setja fram valkosti um hvernig stuðla megi að hagkvæmni í þjónustunni og hægja á útgjaldavexti. Munu fulltrúar ríkis og sveitarfélaga fara yfir og ræða tillögur starfshópsins þegar þær liggja fyrir.

Gangi ykkur vel og gleðileg jól.

Kv. Karl Bj.



**Karl Björnsson**  
framkvæmdastjóri  
Beint innval: 515 4910  
Netfang: [karl.bjornsson@samband.is](mailto:karl.bjornsson@samband.is)

**Samband íslenskra sveitarfélaga**  
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík  
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903  
[www.samband.is](http://www.samband.is)

---

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 5. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.

---

**Frá:** Karl Björnsson

**Sent:** Wednesday, December 14, 2022 3:23 PM

**Til:** Karl Björnsson <[karl.bjornsson@samband.is](mailto:karl.bjornsson@samband.is)>

**Efni:** Fjármögnun þjónustu við fatlað fólk og hækkun útsvarsálagningar

**Til framkvæmdastjóra sveitarfélaga**


Á fundi stjórnar sambandsins sem nú stendur yfir var eftirfarandi fært til bókar undir liðnum **Fjármögnun þjónustu við fatlað fólk:**

„Framkvæmdastjóri skýrði stöðu málsins. Unnið er að gerð samkomulags milli ríkisins og sambandsins sem kveður á um lækkun tekjuskattsálagningar ríkisins og samsvarandi hækkun álagningahlutfalls útsvars, sem á að skila a.m.k. 5 ma.kr. til sveitarfélaga í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á næsta ári til að mæta að hluta útgjöldum vegna þjónustu við fatlað fólk. Áfram verður unnið að greiningu á útgjöldum og þróun þeirra í málaflokknum og mótun tillagna um fyrirkomulag framtíðarfjármögnunar þessarar þjónustu. Ljóst er að fyrirhugaðar skattabreytingar kalla m.a. á lagabreytingar um hámarksútsvar og ákvæði um tímasetningu á endanlegum samþykktum og tilkynningum sveitarstjórna um útsvarsálagningu, sem ganga þarf frá fyrir næstu áramót. Því er nauðsynlegt sveitarstjórnir haldi fundi vegna þessa í desember.

Samþykkt að veita formanni og framkvæmdastjóra sambandsins umboð til að skrifa undir samkomulag við ríkið á grundvelli framangreinds.“

Ekki liggur fyrir nákvæmlega á þessari stundu hvert hlutfallið verður sem hækka þarf útsvarsálagninguna um, en þegar samkomulagið liggur fyrir verða ykkur sendar nákvæmlegar upplýsingar.

Með bestu kveðju,  
Karl Bj.



**Karl Björnsson**  
framkvæmdastjóri  
Beint innval: 515 4910  
Netfang: [karl.bjornsson@samband.is](mailto:karl.bjornsson@samband.is)

**Samband íslenskra sveitarfélaga**  
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík  
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903  
[www.samband.is](http://www.samband.is)

---

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 5. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.

Fullgild refraen undirskrift

SIGURÐUR INGI JÓHANNSON

2022-12-16 15:08:18 GMT

Ástæða: Undirskrift

Fullgild refraen undirskrift

GUÐMUNDUR INGI GUÐBRANDSSON

2022-12-16 15:09:55 GMT

Ástæða: Undirskrift

Fullgild refraen undirskrift

BJARNI BENEDIKTSSON

2022-12-16 15:12:56 GMT

Ástæða: Undirskrift

Fullgild refraen undirskrift

KARL BJÖRNSSON

2022-12-16 16:04:51 GMT

Ástæða: Undirskrift

Fullgild refraen undirskrift

HEIÐA BJÖRG HILMISDÓTTIR

2022-12-17 15:20:17 GMT

Ástæða: Undirskrift

## Samkomulag um breytingu á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk

1. gr.

Gildissvið

Samkomulag þetta felur í sér breytingu á fjármögnun lögbundinnar þjónustu við fatlað fólk samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks frá því sem kveðið var á um í endanlegu samkomulagi ríkis og sveitarfélaga dags þann 15. desember 2015.

2. gr.

Ábyrgð á stefnumörkun og þjónustu

Félags- og vinnumarkaðsráðherra fer með yfirstjórn málefna fatlaðs fólks og ber ábyrgð á opinberri stefnumótun málaflokksins. Sveitarfélög bera á hinn bóginn ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk, þar með talið gæðum þjónustunnar sem og kostnaði vegna hennar.

3. gr.

Fjárhagsrammi

Fjárhagsrammi lögbundinnar þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk verður 1,46% útsvarshlutfall en þar af renna 0,25% til viðkomandi sveitarfélaga en 1,21% í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til jöfnunar vegna fatlaðs fólks. Enn fremur renna 0,235% af innheimtum skatttekjum ríkisins í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til jöfnunar vegna þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk.

4. gr.

Breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga

Hámarksútsvar sveitarfélaga, sem ákveðið er í 1. mgr. 23. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, sem er nú 14,52%, skal hækkað um 0,22% samhliða lækkun á tekjuskatts um samsvarandi hlutfall í báðum skattþrepum.

Gert er ráð fyrir að hækkun hámarksútsvars skv. 2. mgr. renni í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Hlutfall útsvarstekna vegna málefna fatlaðs fólks sem fer í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga skv. 2. tölul. c-lið 8. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga er nú 0,99% og skal hlutfallið því hækka um 0,22% stig samhliða hækkun hámarksútsvars í 1,21%.

Breytingar á hámarksútsvari sveitarfélaga taka gildi fyrir árið 2023 og sveitarfélögum verður heimilað að ákvarða útsvar vegna ársins 2023 eigi síðar en 30. desember 2022 og tilkynna það fjármálaráðuneytinu eigi síðar en þann dag, sbr. 24. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.

5. gr.

Skipting framlags

Aðilar eru sammála um að hækkun útsvarstekna sveitarfélaga samkvæmt samkomulagi þessu, verði hluti af framlögum Jöfnunarsjóðs sem veitt eru til sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks á grundvelli þeirra laga og reglna sem gilda um framlög sjóðsins til málaflokksins, sbr. m.a. 2. mgr. 13. gr. a. laga um tekjustofna sveitarfélaga.

6. gr.

Önnur skilyrði

Aðilar eru sammála um nauðsyn þess að skilgreina fyrirkomulag og ábyrgð á samræmingu og eftirliti með framkvæmd þjónustunnar hjá sveitarfélögunum, sem og viðbrögðum ef þjónusta er ekki í samræmi við lög, reglugerðir og almennar kröfur.

Áfram verður unnið að heildarendurskoðun laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Starfshópur ríkis og sveitarfélaga sem skipaður var sl. sumar og er ætlað að móta tillögur um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga í málaflokknum á grundvelli kortlagningar á kostnaðarþróun málaflokksins undanfarin ár, skal ljúka störfum eigi síðar en 30. apríl 2023. Hópnium er einnig falið að setja fram valkosti um hvernig stuðla megi að hagkvæmni í þjónustunni og hægja á útgjaldavexti. Munu fulltrúar ríkis og sveitarfélaga fara yfir og ræða tillögur starfshópsins þegar þær liggja fyrir.

Þá eru aðilar sammála um að farið verði í sérstaka úttekt á framkvæmd þjónustunnar hjá sveitarfélögum og úthlutun fjármagns hjá Jöfnunarsjóði m.t.t. hvort framkvæmd þessara þátta sé í samræmi við lög, reglugerðir og almennar kröfur og skilyrði til þjónustunnar.

7. gr.

Fyrirvari

Samkomulagið er gert með fyrirvara um að Alþingi samþykki nauðsynlegar lagabreytingar og breytingar á fjárlögum.

Reykjavík, 16. desember 2022

Fyrir hönd ríkisins

Fyrir hönd sveitarfélaga

---

Bjarni Benediktsson  
Fjármála- og efnahagsráðherra

---

Heiða Björg Hilmisdóttir  
Formaður Sambands Íslenskra sveitarfélaga

---

Guðmundur Ingi Guðbrandsson  
Félags- og vinnumarkaðsráðherra

---

Karl Björnsson  
Framkvæmdastjóri Sambands Íslenskra sveitarfélaga

---

Sigurður Ingi Jóhannsson  
Innviðaráðherra

## **Bókun ráðuneyta vegna samkomulags um breytingu á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk, dags. 16. desember 2022.**

Þann 23. nóvember 2010 gengu ríki og sveitarfélög frá samkomulagi um yfirfærslu á þjónustu við fatlað fólk. Samkomulagið og fjárhagslegar forsendur þess byggðust á víðtækri undirbúningsvinnu verkefnisstjórnar sem skipuð var fulltrúum ríkis og sveitarfélaga þar sem unnið var ítarlegt kostnaðarmat á heildarumsvifum málaflokksins. Heildarsamkomulagið, og lagabreytingar sem því fylgdu, fólu sveitarfélögunum að fara eftirleiðis með ábyrgð á málaflokknum, bæði sem þjónustuveitendur og stjórnvöld.

Meginmarkmið tilfærslunnar var að:

- tryggja að eitt stjórnarsýslustig bæri ábyrgð á stærstum hluta almennrar félagsþjónustu
- bæta samhæfingu og draga úr skörun ábyrgðarsviða stjórnarsýslustiga
- að styrkja sveitastjórnarstigið
- stuðla að samþættingu nærþjónustu við íbúa sveitarfélaga
- auka möguleika á að laga þjónustuna að þörfum notenda
- tryggja góða nýtingu fjármuna

Tilfærsla þjónustunnar átti sér stað þann 1. janúar 2011 og með þjónustunni fylgdu bæði fjármögnun með varanlegri hækkun á útsvarstekjum og tímabundin bein framlög úr ríkissjóði sem standa áttu undir kostnaði sveitarfélaganna af yfirfærslunni. Þannig áttu heildartekjur sveitarfélaganna á árinu 2011 að aukast um 10,7 ma.kr. samhliða yfirfærslunni. Auk þess var gert ráð fyrir að sveitarfélögin fengju að njóta alls ábata af hagræðingu með samþættingu við félagsþjónustu sem átti að fylgja í kjölfarið. Kostnaðarmatið byggðist á fjárveitingum vegna þáverandi þjónustu og mati á biðlistum í því skyni að meta framtíðarþróun kostnaðar.

Tekjur sveitarfélaganna sem standa áttu undir þjónustunni voru tryggðar með hækkun á útsvarshlutfalli sveitarfélaga um 1,20% gegn samsvarandi lækkun á tekjuskattshlutfalli ríkisins. Þar af fóru 0,25% af útsvarshlutfallinu beint til sveitarfélaga en 0,95% fór í gegnum úthlutunarkerfi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Einnig var samkomulag um að veita tímabundin bein framlög á fjárlögum á árunum 2011 – 2013 til að vega upp á móti veikri stöðu útsvarsstofnsins og jafnframt var tryggð fjárveiting vegna aðlögunar og útfærslu þjónustunnar hjá sveitarfélögunum til næstu þriggja ára. Þá var samið um sérstök tímabundin framlög á fjárlögum vegna notendastýrðrar persónulegrar þjónustu (NPA) og vegna uppsafnaðs biðlista eftir þjónustu. Þessu til viðbótar afhenti ríkið sveitarfélögunum endurgjaldslaust allt húsnæðið þar sem starfsemi málaflokksins fór fram en bókfært verðmæti þess var fært til gjalda í ríkisreikningi ársins 2010. Áætlað er að virði húsnæðisins nemi liðlega 6 ma.kr. á núverandi verðlagi.

Á árunum 2014-2015 var framkvæmt endurmat að hálfu verkefnisstjórnar sem skipuð var fulltrúum ríkis og sveitarfélaga á yfirfærslu málaflokksins til samræmis við ákvæði samkomulagsins. Hlutverk verkefnisstjórnarinnar var að afla upplýsinga um alla fjárhagslega og faglega þætti sem nauðsynlegir voru til þess að unnt yrði að leggja mat á árangur yfirfærslunnar. Að undangenginni umfangsmikilli nefndarvinnu og samningaviðræðum milli ríkis og sveitarfélaga í kjölfarið var gengið frá endanlegum fjárhagsramma um fjármögnun lögbundinnar þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk í árslok 2015. Endanlegur fjárhagsrammi yfirfærslunnar fól því í sér að:

- 0,25% af útsvarshlutfallinu rann áfram beint til sveitarfélaga líkt og kom til framkvæmda 2011.
- Jöfnunarframlag sem nam áður 0,95% var varanlega hækkað um 0,04% í 0,99% en hafði verið tímabundið hækkað fyrir árin 2014 og 2015.
- Viðmið um árlegt framlag ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga var hækkað um 0,235% af innheimtum skatttekjum ríkisins.

Á þessum tíma var NPA verkefnið ennþá tilraunaverkefni og veitti ríkissjóður bein framlög fyrir um fjórðungi kostnaðar.



Fyrrgreindir tekjustofnar skiluðu sveitarfélögum 21 ma.kr. í tekjur árið 2018, 21,8 ma.kr. árið 2019 og 23,3 ma.kr. árið 2020. Að viðbættum öðrum sértekjum sem námu um 1,8 ma.kr. árið 2020 þá námu tekjur málaflokksins um 25 ma.kr. árið 2020. Það er meira en tvöföldun á tekjunum samanborið við það sem gert var ráð fyrir við flutninginn árið 2011. Það svarar til um 13% nafnaukningar tekna á ári eða um 8% að raunvirði m.v. vísitölu neysluverðs. Á hinn bóginn þá námu útgjöld til málaflokksins um 25,2 ma.kr. árið 2018, 28,8 árið 2019 og 34 ma.kr. árið 2020. Það er meira en þreföldun á útgjöldum frá upphafi yfirfærslunnar, sem svarar til 22% hækkunar að nafnvirði að meðaltali á ári en um 15% að raunvirði m.v. vísitölu neysluverðs.

Ljóst er að góður vöxtur hefur verið í þeim tekjustofnum sem mynduðu fjárhagsramma samkomulagsins frá því það var gert. Þá hefur verið umtalsverð aukning í tekjum sveitarfélaga að öðru leyti á sama tíma. Það birtist í því að í mörgum sveitarfélögum er rekstrarafkoma í ágætu jafnvægi eða nærri því þótt halli teljist vera á þessum málaflokki miðað við þær tekjur sem honum voru eyrnamerkar upphaflega. Samhliða því hafa verið gerðar talsverðar breytingar á löggjöf og regluverki um þjónustu við fatlað fólk sem sveitarfélögin hafa talið að hafi leitt til umtalsverðrar kostnaðaraukningar. Útgjaldavöxtur málaflokksins fyrir sveitarstjórnarstigið í heild er í öllu falli af þeirri stærðargráðu að það kynni að raska þeim meginmarkmiðum um þróun afkomu og skulda sem gert var samkomulag um í aðdraganda gildandi fjármálaáætlunar fyrir árin 2023-2027. Í ljósi þess hversu umfangsmikill útgjaldavandinn er orðinn hafa stjórnvöld fallist á það með sveitarfélögum að gera breytingu á endanlega samkomulaginu frá árinu 2015 og flytja 5 ma.kr. frá ríki til sveitarfélaga á árinu 2023 í því skyni að bæta rekstrarafkomu sveitarfélaga og gera þeim betur kleift að standa við markmið sín um afkomu- og skuldaþróun og rekstur málaflokksins. Þessi tilfærsla fjármuna er framkvæmd með því móti að útsvarsprósenta sveitarfélaga hækkar um 0,22% en tekjuskattsprósenta ríkisins lækka í sama mæli. Þrátt fyrir að rekstrarafkoma sveitarfélaga verði bætt með þessum hætti þá bíða þeirra áfram áskoranir við að halda aftur af útgjaldavexti í málaflokknum og leita leiða til að auka hagkvæmni í rekstri þessarar þjónustu.

Ekki liggur fyrir fullnægjandi greining á orsökum þeirrar útgjaldapróunar sem átt hefur sér stað í málaflokknum á undanförunum árum og eru aðilar samkomulagsins sammála um að ljúka slíkri greiningarvinnu í starfshópi ríkis og sveitarfélaga sem skipaður var sl. sumar og er enn að störfum. Starfshópnum er ætlað að móta tillögur um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga í málaflokknum á grundvelli kortlagningar á kostnaðarþróun málaflokksins undanfarin ár meðal annars með tilliti til launahækkana, fjölgunar starfsfólks, aukinnar þjónustu, fjölgun notenda o.fl. Þá hefur hópurinn einnig það hlutverk að setja fram valkosti um hvernig stuðla megi að hagkvæmni í þjónustunni og hægja á útgjaldavexti. Þá skal starfshópurinn í tillögugerð sinni ganga út frá meginmarkmiðum um afkomu- og efnahag sveitarfélaga í gildandi fjármálaáætlun. Munu fulltrúar ríkis og sveitarfélaga fara yfir og ræða tillögur starfshópsins þegar þær liggja fyrir.

## Kristinn Jónasson

---

**From:** Vilborg Þórarinsdóttir <vilborg@akureyri.is>  
**Sent:** föstudagur, 16. desember 2022 13:35  
**To:** 'Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir'; 'Laufey Þórðardóttir'; 'Ásta Stefánsdóttir'; 'Júlía Sæmundsdóttir'; Halldóra Kristín Hauksdóttir; 'sveinborg.kristjansdottir@akranes.is'  
**Cc:** 'Akrahreppur - Hrefna Jóhannesdóttir'; 'Akraneskaupstaður - Sævar Freyr Þráinsson'; Ásthildur Sturludóttir; 'Árneshreppur - Eva Sigurbjörnsdóttir'; 'Blönduósibær - Valdimar O. Hermannsson'; 'Bolungarvíkurkaupstaður - Jón Páll Hreinsson'; 'Borgarbyggð'; 'Dalabyggð'; 'Dalvíkurbyggð'; 'Eyja- og Miklaholtshreppur'; 'Eyjafjarðarsveit - Finnur Yngvi Kristinsson'; 'fjallabyggd@fjallabyggd.is'; 'Fjarðabyggð'; 'Fljótaldshreppur - Helgi Gíslason'; 'Flóahreppur'; 'Grímsnes- og Grafningshreppur - Iða Marsibil Jónsdóttir'; 'Grundarfjarðarbær - Björg Ágústsdóttir'; 'Grýtubakkahreppur - Þróstur Friðfinnsson'; 'Helgafellssveit - Guðrún Karólína Reynisdóttir'; 'Hrunamannahreppur'; 'Húnabyggð'; 'Húnaþing vestra'; 'Hvalfjarðarsveit'; 'Hveragerðisbær'; 'Hörgársveit - Snorri Finnlaugsson'; 'Ísafjarðarbær'; 'Kaldrananeshreppur - Finnur Ólafsson'; 'Langanesbyggð Sveitarfélag'; 'Björn Ingimarsson'; 'Norðurþing'; 'Reykholahreppur'; 'Reykjanesbær - Kjartan Már Kjartansson'; 'Skagabyggð - Erla Jónsdóttir'; 'Skagafjörður - Sigfús Ingi Sigfússon'; 'Skeiða- og Gnúpverjahreppur'; 'Skorradalshreppur'; 'Skútustaðahreppur'; Kristinn Jónasson; 'Strandabyggð'; 'Stykkishólmsbær - Jakob Björgvin Jakobsson'; 'Súðavíkurhreppur Bragi Þór Thorarensen'; 'Svalbarðshreppur - Sigurður Þór Guðmundsson'; 'Svalbarðsstrandarhreppur'; 'Sveitarfélagið Hornafjörður'; 'Sveitarfélagið Skagaströnd'; 'Sveitarfélagið Ölfus - Elliði Vignisson'; 'Tálknafjörður'; 'Vestmannaeyjabær - Íris Róbertsdóttir'; 'Vesturbyggð'; 'Vopnafjarðahreppur - Sara Elísabet Svansdóttir'; 'Þingeyjarsveit'; 'Svala Hreinsdóttir'; 'Inga Vildís Bjarnadóttir'; 'Félagsmálastjóri Hvalfjarðarsveitar'; sveinn@fssf.is; 'Soffía Guðmundsdóttir'; 'Arnheiður Jónsdóttir'; margret@isafjordur.is; gudnyhildur@bolungarvik.is; 'siggi@hunathing.is'; 'Sara Lind'; 'Herdís Á Sæmundardóttir'; 'hjortur@fjallabyggd.is'; 'Eyrún Rafnsdóttir'; Karólína Gunnarsdóttir; 'Hróðný Lund'; 'Erla Björg Sigurðardóttir'; 'Melkorka Jónsdóttir'; 'Þórhildur Sigurðardóttir'; 'Finnur Yngvi Kristinsson'; 'Silja Rós Guðjónsdóttir'; 'Andrea Ýr Arnarsdóttir'; 'Pétur Arason'; Þróstur Friðfinnsson; 'Oddviti Grímsnes- og Grafningshreiðs'; 'Unnur Valborg Hilmarsdóttir'; 'Hlöðver Gunnarsson'; 'Sigríður Ingvarsdóttir'; 'Bryndís Ósk Jónsdóttir'; 'Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir'; 'Steinar Adólfsson'  
**Subject:** RE: Frá valnefnd umdæmisráðs - samningur  
**Attachments:** Samningur um rekstur umdæmisráðs Landsbyggða.docx; Verklagsreglur um framkvæmd umdæmisráðs.odt; Copy of Vinnuskjal í excel umdæmisráð.xlsx

Góðan dag

Nú hafa fulltrúar margra sveitarfélaga sent álit sitt og val. Það er nú lag fyrir þau sveitarfélög sem þurfa að bera samninginn undir sína sveitarstjórna að gera það fyrir áramót. Tekið hefur verið tillit til þeirra athugasemda sem borist hafa er varðar endurskoðunarákvæði og hlutverk valnefndar varðandi kjör. Flestir hafa valið nýrri samninginn eins og hann liggur fyrir en auðvitað eru skiptar skoðanir og það er skiljanlegt og margt sem betur hefði mátt fara í allri þessari vinnslu. Í samningnum kemur fram að endurskoða skuli samninginn fyrir árslok 2023 sem er leið til þess að koma til móts við alla og einnig að sameinast um það að um er að ræða fyrstu skref okkar í þessu öllu.

Meðfylgjandi er **samningurinn** sem liggur fyrir til samþykktar ásamt verklagsreglum og vinnuskjalinu (excel) og vonum við öll til að við getum fallist á þetta. Biðjum við ykkur um að senda okkur endanlega staðfestingu um samþykkt þessa samnings þeir sem ekki hafa gert það. Við munum svo senda hann rafrænt út á framkvæmdastjóra sveitarfélaga til rafrænnar undirritunar.

Búið var að finna afskaplega góða ráðsmenn sem eru tilbúnir til þess að starfa með okkur og tilbúin eru skipunarbréf.

Um er að ræða:

Ómar Örn Bjarnþórsson, lögfræðingur  
Jóhanna Erla Guðjónsdóttir, félagsráðgjafi  
Katrín Jónsdóttir, sálfræðingur

Varamenn eru: Sigmundur Guðmundsson, lögfræðingur og Þóra Kemp, félagsráðgjafi en við getum ekki fastsett sálfræðinginn sem varamann þar sem viðræður eru enn í gangi.

Virðingarfyllst,

Vilborg Þórarinsdóttir  
Forstöðumaður barnaverndar  
Velferðarsviði Akureyrarbæjar

Glerárgötu 26, 600 Akureyri  
Sími: 460-1420

[vilborg@akureyri.is](mailto:vilborg@akureyri.is)  
<https://akureyri.is/>



**Akureyrarbær**  
Velferðarsvið

Fyrirvari um tölvupóst / Email disclaimer

---

**From:** Vilborg Þórarinsdóttir

**Sent:** þriðjudagur, 13. desember 2022 10:35

**To:** 'Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir' <[gretasjofn@skagafjordur.is](mailto:gretasjofn@skagafjordur.is)>; 'Laufey Þórðardóttir' <[laufey.thordardottir@fjardabyggd.is](mailto:laufey.thordardottir@fjardabyggd.is)>; 'Svava Davíðsdóttir' <[svava@felagsmal.is](mailto:svava@felagsmal.is)>; 'Ásta Stefánsdóttir' <[asta@blaskogabyggd.is](mailto:asta@blaskogabyggd.is)>; 'Júlía Sæmundsdóttir' <[julia.saemundsdottir@mulathing.is](mailto:julia.saemundsdottir@mulathing.is)>; Halldóra Kristín Hauksdóttir <[halldorah@akureyri.is](mailto:halldorah@akureyri.is)>; 'sveinborg.kristjansdottir@akranes.is' <[sveinborg.kristjansdottir@akranes.is](mailto:sveinborg.kristjansdottir@akranes.is)>  
**Cc:** 'Akrahreppur - Hrefna Jóhannesdóttir' <[akrahreppur@akrahreppur.is](mailto:akrahreppur@akrahreppur.is)>; 'Akraneskaupstaður - Sævar Freyr Þráinsson' <[baejarstjori@akranes.is](mailto:baejarstjori@akranes.is)>; Ásthildur Sturludóttir <[asthildur@akureyri.is](mailto:asthildur@akureyri.is)>; 'Árneshreppur - Eva Sigurbjörnsdóttir' <[oddviti@arneshreppur.is](mailto:oddviti@arneshreppur.is)>; 'Ásahreppur - Valtýr Valtýsson' <[valtyr@asahreppur.is](mailto:valtyr@asahreppur.is)>; 'Blönduósbær - Valdimar O. Hermannsson' <[valdimar@blonduos.is](mailto:valdimar@blonduos.is)>; 'Bolungarvíkurkaupstaður - Jón Páll Hreinsson' <[jonpall@bolungarvik.is](mailto:jonpall@bolungarvik.is)>; 'Borgarbyggð' <[sveitarstjori@borgarbyggd.is](mailto:sveitarstjori@borgarbyggd.is)>; 'Dalabyggð' <[sveitarstjori@dalir.is](mailto:sveitarstjori@dalir.is)>; 'Dalvíkurbyggð' <[dalvik@dalvik.is](mailto:dalvik@dalvik.is)>; 'Eyja- og Miklaholtshreppur' <[oddviti@eyjaogmikla.is](mailto:oddviti@eyjaogmikla.is)>; 'Eyjafjarðarsveit - Finnur Yngvi Kristinsson' <[finnur@esveit.is](mailto:finnur@esveit.is)>; 'fjallabyggd@fjallabyggd.is' <[fjallabyggd@fjallabyggd.is](mailto:fjallabyggd@fjallabyggd.is)>; 'Fjarðabyggð' <[jonbjorn@fjardabyggd.is](mailto:jonbjorn@fjardabyggd.is)>; 'Fljótshreppur - Helgi Gíslason' <[helgi@fljotsdalur.is](mailto:helgi@fljotsdalur.is)>; 'Flóahreppur' <[hulda@floahreppur.is](mailto:hulda@floahreppur.is)>; 'Grímsnes- og Grafningshreppur - Iða Marsibil Jónsdóttir' <[sveitarstjori@gogg.is](mailto:sveitarstjori@gogg.is)>; 'Grundarfjarðarbær - Björg Ágústsdóttir' <[bjorg@grundarfjordur.is](mailto:bjorg@grundarfjordur.is)>; 'Grýtubakkahreppur - Þróstur Friðfinnsson' <[sveitarstjori@grenivik.is](mailto:sveitarstjori@grenivik.is)>; 'Helgafellssveit - Guðrún Karólína Reynisdóttir' <[helgafellssveit341@gmail.com](mailto:helgafellssveit341@gmail.com)>; 'Hrunamannahreppur' <[aldis@fludir.is](mailto:aldis@fludir.is)>; 'Húnabyggð' <[petur@blonduos.is](mailto:petur@blonduos.is)>; 'Húnaþing vestra' <[skrifstofa@hunathing.is](mailto:skrifstofa@hunathing.is)>; 'Hvalfjarðarsveit' <[linda@hvalfjardarsveit.is](mailto:linda@hvalfjardarsveit.is)>; 'Hveragerðisbær'

## Samningur um rekstur umdæmisráðs Landsbyggða

### 1. gr.

#### *Umdæmisráð barnaverndar, aðild, lagagrundvöllur, valnefnd og umsýslusveitarfélag*

Sveitarfélögin Akraneskaupstaður, Akureyrarbær, Bláskógabyggð, Bolungarvíkurkaupstaður, Borgarbyggð, Dalabyggð, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit, Eyja- og Miklaholtshreppur, Fjallabyggð, Fjarðabyggð, Fljótsdalshreppur, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Grundarfjarðarbær, Grýtubakkahreppur, Hornafjörður, Hrunamannahreppur, Húnabyggð, Húnaþing vestra, Hvalfjarðarsveit, Hveragerðisbær, Hörgársveit, Ísafjarðarbær, Kaldrananeshreppur, Langanesbyggð, Múlaþing, Norðurþing, Reykhólahreppur, Skagabyggð, Skagafjörður, Skagaströnd, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Skorradalshreppur, Snæfellsbær, Strandabyggð, Stykkishólmsbær og Helgafellssveit, Súðavíkurhreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Tálknafjarðarhreppur, Tjörneshreppur, Vestmannaeyjabær, Vesturbyggð, Vopnafjarðarhreppur, Þingeyjarsveit og Ölfus reka saman umdæmisráð Landsbyggða.

Samningur þessi er gerður með vísan til 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 þar sem fjallað er um skipan umdæmisráðs barnaverndar.

Önnur sveitarfélög geta orðið aðilar að umdæmisráðinu með samþykki allra aðildarsveitarfélaga og með undirritun viðauka við samning þennan.

Sveitarfélögin sem eiga aðild að umdæmisráði Landsbyggða skipa fimm manna valnefnd er fer með umboð sveitarfélagana til skipunar í umdæmisráð barnaverndar sbr. viðauka við samning þennan.

Sveitarfélögin koma sér saman um að eitt þeirra sveitarfélaga sem valið er í valnefnd verði umsýslusveitarfélag sem er falið að annast fjárhagslega umsýslu vegna reksturs ráðsins og jafnframt ætlað að hafa yfirsýn yfir starf ráðsins.

Valnefnd skal skipuð einum fulltrúa frá hverjum landsfjórðungi auk þess sem sá fimmti skal vera frá umsýslusveitarfélagi hverju sinni.

### 2. gr.

#### *Skipan umdæmisráðs*

Valnefnd fær eins og segir í 1. gr. umboð til að ganga frá skipan umdæmisráðs barnaverndar. Skipunartími umdæmisráðs er fimm ár. Ef skipa þarf nýjan aðal- eða varamann á skipunartíma ráðsins annast valnefnd þá skipan einnig.

Ef ráðsmaður óskar lausnar eða er vikið úr ráðinu vegna framkomu hans eða skorts á almennu hæfi til setu í því skal skipa nýjan ráðsmann í hans stað til þess tíma sem eftir er af skipunartíma ráðsins. Staðið skal að skipun nýs aðal- eða varamanns með sama hætti og upphaflegri skipan.

Um hæfi ráðsmanna fer samkvæmt 2. mgr. 14. gr. barnaverndarlaga.

Skipunartími ráðsmanna er frá 1. janúar 2023 til 31. desember 2027.

### 3. gr.

#### *Verkefni umdæmisráðs*

Með samningi þessum fela aðildarsveitarfélögin umdæmisráðinu öll þau hlutverk sem því eru fengin í barnaverndarlögum og eftir atvikum öðrum lögum.

Umdæmisráð eru sjálfstæð í störfum sínum og standa utan við almenna stjórnarsýslu sveitarfélaga. Ráðsmenn umdæmisráðsinstaka ekki við fyrirmælum um meðferð einstakra mála.

Umdæmisráð tekur eftirfarandi ákvarðanir með úrskurði sbr. tilvitnuð ákvæði barnaverndarlaga:

1. Beiting úrræða án samþykkis foreldra, sbr. 26. gr.
2. Vistun barns utan heimilis í allt að fjóra mánuði, sbr. 27. gr.
3. Heimild til barnaverndarþjónustu um að gera kröfu fyrir dómi um vistun barns í allt að tólf mánuði, sbr. 28. gr.
4. Heimild til barnaverndarþjónustu um að gera kröfu fyrir dómi um forsjársviptingu, sbr. 29. gr.
5. Umgengni í fóstri og við vistun, sbr. 74. og 81. gr.

Barnaverndarþjónusta undirbýr og fer fram á úrskurð umdæmisráðs vegna mála sem lúta úrskurðarvaldi ráðsins. Þegar farið hefur verið fram á úrskurð umdæmisráðs getur ráðið lagt fyrir barnaverndarþjónustu að afla frekari gagna sem ráðið telur nauðsynleg til að komast að niðurstöðu í málinu.

Umdæmisráðið annast sjálft ritun úrskurða og boðun funda með málsaðilum ef þörf er á.

Um ályktunarhæfi og form úrskurða umdæmisráðs fer samkvæmt stjórnarsýslulögum.

Þegar fyrir liggur úrskurður umdæmisráðs barnaverndar ber barnaverndarþjónustu án tafar að koma honum til framkvæmdar í samræmi við hagsmuni barnsins.

Gögn sem verða til hjá umdæmisráði, skulu varðveitt hjá barnaverndarþjónustu í gagnagrunni og stafrænum lausnum í skjalasöfnum viðkomandi barnaverndarþjónustu. Umdæmisráðið hefur aðgang að gögnum mála hjá viðkomandi barnaverndarþjónustu. Fer svo með þennan hluta samnings þar til gögn barnaverndarmála verða varðveitt í gagnagrunni og stafrænum lausnum á vegum Barna- og fjölskyldustofu og fer þá um þau mál í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur.

### 4. gr.

#### *Aðbúnaður og aðsetur umdæmisráðs og tengiliðir*

Aðildarsveitarfélögin útvega ráðsmönnum nauðsynlegan búnað s.s. tölvur og internettengingu.

Umdæmisráð hefur ekki fast aðsetur en aðildarsveitarfélögin skuldbinda sig til að útvega þeim fundaraðstöðu á hverjum stað eftir því sem nauðsyn krefur.

Yfirmaður barnaverndarþjónustu og eftir atvikum lögfræðingur þjónustunnar annast nauðsynleg samskipti við formann umdæmisráðs barnaverndar.

Formaður umdæmisráðs hefur yfirstjórn ráðsins með höndum og er tengiliður umdæmisráðs við barnaverndarþjónustur þeirra.

Valnefnd setur verklagsreglur fyrir barnaverndarþjónusturnar sem tilheyra umdæmisráðinu. Slíkar reglur eru til að tryggja samræmi um umgjörð umdæmisráðsins þannig að framkvæmd, samskipti og aðbúnaður ráðsins verði með sama hætti hvar á landinu sem ráðið mætir.

5. gr.

#### *Þóknun ráðsmanna*

Þóknun ráðsmanna skal taka mið af þingfararkaupi alþingismanna eins og það er á hverjum tíma.

Ráðsmenn fá greidda fasta þóknun á mánuði fyrir setu í ráðinu. Föst þóknun formanns skal vera 60% af þingfararkaupi, föst þóknun annarra aðalmanna skal vera 15% af þingfararkaupi.

Þóknun varamanna skal vera 15% af þingfararkaupi fyrir hvern setinn fund og 30% fyrir varamann formanns.

Ráðsmenn fá greiddan útlagðan ferðakostnað samkvæmt framlögðum reikningum. Sú barnaverndarþjónusta sem heldur fund sér um að greiða og annast ferðatilhögum ráðsmanna í samráði við formann umdæmisráðsins. Séu nokkur sveitarfélög með mál á sama fundi skiptist sá kostnaður jafnt, sbr. 6. gr. reglna þessara. Eitt sveitarfélaganna skal þó sjá um að greiða og í framhaldinu að skila inn kostnaðarupplýsingum til umsýslusveitarfélagsins sbr. nánari útfærslu í verklagsreglum valnefndar.

6. gr.

#### *Skipting kostnaðar milli sveitarfélaga*

Föst þóknun ráðsmanna sbr. 2. mgr. 5. gr. og þóknun varamanna sbr. 3. mgr. 5. gr. og almennur kostnaður við rekstur ráðsins sbr. 1. mgr. 4. gr. skiptist milli sveitarfélaga í samræmi við fjölda íbúa sem Hagstofa Íslands birtir 1. janúar ár hvert.

Umsýslusveitarfélagið sendir reikning til sveitarfélaga ársfjórðungslega sbr. það sem fram kemur í verklagsreglum sem valnefndin setur sbr. 5. mgr. 4. gr. Umsýslusveitarfélagið sækir einnig um til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í þeim tilgangi að fá styrk til þess að jafna ferðakostnað ráðsmanna.

7. gr.

#### *Úrsögn sveitarfélags*

Ákveði sveitarfélag að hætta aðild að umdæmisráði þessu skv. samningi þessum og ganga inn í annað umdæmisráð skal viðkomandi sveitarfélag tilkynna það með skriflegum hætti til umsýslusveitarfélagsins. Tekur úrsögn þá gildi við næstu mánaðamót að því gefnu að sveitarfélagið hafi greitt upp allan þann kostnað sem því ber sbr. 5. gr.

8. gr.

#### *Endurskoðun*

Aðilar samnings þessa skulu endurskoða samning þennan fyrir 31. desember 2023. Skal þá metið hvort forsendur hafa breyst. Skal umsýslusveitarfélagið eftir fund með valnefnd boða til fundar með mánaðar fyrirvara þar sem breytingartillögur verða bornar upp og ræddar. Meirihluta aðildarsveitarfélaganna þarf til að breytingar taki gildi frá næstu mánaðarmótum.

Valnefnd skal með reglubundnum hætti endurskoða samning þennan og telji hún þörf á endurskoðun skal boða til fundar með sama hætti og hér að ofan greinir. Það sama á við ef fjórðungur aðildarsveitarfélaganna fer fram á endurskoðun samningsins í heild eða að hluta.

9. gr.

*Gildistaka*

Samningur þessi öðlast gildi 1. janúar 2023 og gildir til 31. desember 2027.

## Verklagsreglur barnaverndarþjónustu um samræmda framkvæmd umdæmisráðs með vísan til 5. mgr. 4. gr. samnings um rekstur umdæmisráðs Landsbyggða.

- **Nafn á Umdæmisráði**
  - „Umdæmisráð Landsbyggða“
- **Rekstrarkostnaður ráðsins**
  - Sameiginlegur rekstrarkostnaður telst til: launa og búnaðar ráðsmanna
  - Sameiginlegur rekstrarkostnaður ráðsins skiptist á milli sveitarfélaga í samræmi við fjölda íbúa sem Hagstofa Íslands birtir í janúar ár hvert.
  - Annar rekstrarkostnaður svo sem ferðakostnaður (flug, bíll, matur, gisting) og mögulegur kostnaður vegna fundaraðstöðu sjá þær barnaverndarþjónustur um sem eiga mál sem fara fyrir fundi ráðsins hverju sinni.
- **Samningar um kaup og kjör**
  - Formaður umdæmisráðs er ráðinn í fast starf. Lagt til að stöðuhlutfallið verði 60% í upphafi en þörf verður á endurskoðun þegar meiri reynsla kemst á ráðið. Greiðsla verði þá 60% af þingfarakaupi (Fullt þingfarakaup í nóvember 2022 er kr. 1.345.582).
  - Aðrir aðalmenn í ráðinu fá greitt í föst laun sem svarar 15% af þingfarakaupi.
  - Varamenn fá greitt sem svarar 15% af þingfarakaupi fyrir hvern fund sem þeir sitja og varamaður formanns fær greitt 30%.
  - Taka verður tillit til þess að ferðatími vegna funda getur verið langur og jafnvel komið til þess að ráðsmenn þurfi að gista. Þá er það í höndum barnaverndarþjónustu að greiða fyrir slíkan kostnað, þá gistingu og fæði. Gert er ráð fyrir því að hver barnaverndarþjónusta setji sér ákveðnar reglur varðandi það. Eins og áður ef kostnaður er sameiginlegur á milli einhverra barnaverndarþjónusta þá skiptist sá aukakostnaður jafnt á milli þeirra.
- **Starfsstöðvar umdæmisráða**
  - **Hvar** – Gert er ráð fyrir nokkrum starfsstöðvum innan ráðsins vegna fjarlægðar á milli barnaverndarþjónustu. Barnaverndarþjónustur geta hinsvegar sameinast um starfsstöð. Til að tryggja fjarlægð og fagleg vinnubrögð koma starfsstöðvar ráðsins ekki til með að vera innan veggja barnaverndarþjónustunnar. Í hverri starfsstöð þarf að vera gott aðgengi að internettengingu og fjarfundarbúnaði. Gott fundarherbergi, biðstofa, snyrting og boðið uppá hressingu.
  - **Búnaður** – í upphafi starfstíma ráðsins er keypt fartölva fyrir hvern ráðsmann aðalmann og varamann (er það gert til að tryggja að aðgangur að gögnum sé eingöngu aðgengilegur í gegnum þær tölvur en ekki einkatölvur hvers og eins). Fartölvurnar eru eign umdæmisráðsins.
  - **Aðgangur að gagnagrunni.** Tryggja þarf rafrænt og öruggt aðgengi ráðsmanna að nauðsynlegum gögnum sbr. það sem ONE kerfið getur boðið uppá. Þar er hægt að opna sérstaklega fyrir aðgang og eins að loka aðgangi. Ekki er opnaður aðgangur fyrir varamann í ráði nema hann sé kallaður til vegna forfalla aðalmanns.
  - **Verkefni formanns ráðsins:** Ritun úrskurðar/bókunar og birting hans til barnaverndarþjónustunnar og aðila máls. Ráðsmaðurinn boðar aðra ráðsmenn til fundar og ákveður fundartíma og fundarstað í samráði við forstöðumenn viðeigandi barnaverndarþjónustu.



- **Verkefni yfirmanns barnaverndarþjónustu (lögfræðings eftir atvikum):** Forstöðumaður sér um framkvæmd úrskurðar/bókunar og lögfræðingur framfylgir úrskurði fyrir dómi þegar það á við. Yfirmaður barnaverndarþjónustunnar ber ábyrgð á ferðatilhögun ráðsmanna í samráði við formann ráðsins. Í því felst bókanir vegna flug, akstur, aðstöðu og annað sem ferðatilhögun tilheyrir. Yfirmaður barnaverndarþjónustu ber ábyrgð á boðun aðila máls og lögfræðinga þeirra á fund umdæmisráðs. Séu barnaverndarþjónustur að sameinast um fund gildir sú almenna regla að ferðakostnaður og hressing deilist jafnt á milli þeirra og fjölmennasta sveitarfélagið sér um þá framkvæmd og sendir reikning.
- **Verkefni umsýslusveitarfélags:** Umsýslusveitarfélag sér um allan launakostnað ráðsmanna og sendir reikning til sveitarfélaga ársfjórðungslega. Umsýslusveitarfélagið sér um kaup og endurnýjun á fartölvum. Það sér einnig um að óska eftir framlagi til Jöfnunarsjóðs sveitarfélags með það að markmiði að jafna aðstöðumuninn á milli ráðanna og vegna ferðakostnaðar ráðsmanna og mögulegan kostnað vegna verkefna umsýslusveitarfélags. Umsýslusveitarfélagið sendir yfirlit og reikning til sveitarfélaga ráðsins ársfjórðungslega. Febrúar, maí, ágúst og nóvember alla jafna.

Þingfærarkaup alþingismanna er frá 1. júlí 2022: Kr. 1.345.582.-

1.345.582

Leið 1	Laun á ári	aðbúnaður	fundaseta	heild pr. mánuð
formaður	1	12.013.356		Sveitarf pr mán
nefndarmenn	2	6.006.678		
varamenn	3	0		
		3 fartölvur		
		600.000		
<b>Alls</b>	<b>18.620.034 á ári</b>		<b>Hlutur sveitarf</b>	<b>372.401</b>
				<b>2%</b>

1.551.670  
31.033

Leið 2	Laun á ári	aðbúnaður	fundaseta	úrskurð	umgengni
aðalmaður	1	2.976.000	124.000	7	2
nefndarmenn	2	2.976.000	248.000	400.000	150.000
varamenn	3	2.232.000	372.000	300.000	100.000
		8.184.000	744.000	7.000.000	700.000
<b>Alls fastur í</b>	<b>8.928.000 á ári</b>		<b>Hlutur sveitarf</b>	<b>178.560</b>	<b>2%</b>

Fastur plús breytilegur - þegar búið er að setja inn fjölda mála

**9.726.560**

heild fastur pr. mán  
heild pr mán +mál

744.000  
10.292.000



Stjórnarráð Íslands  
Matvælaráðuneytið

mar@mar.is  
545 9700

Borgartúni 26  
105 Reykjavík

stjornarradid.is

Snæfellsbær  
Snæfellsási 2  
360 Snæfellsbær

Reykjavík 12. desember 2022  
Tilv.: MAR22090182/05.04.03

Efni: Úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2022/2023

Samkvæmt reglugerð nr. 1018/2022, um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiárinu 2022/2023, hefur matvælaráðherra allt að 4.900 þorskígildistonn af botnfiski til ráðstöfunar til byggðarlaga sem falla undir skilyrði a. og b. liðar í 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar. Viðkomandi sveitarstjórn er hér með tilkynnt á grundvelli 5. gr. reglugerðarinnar hversu miklar aflaheimildir koma í hlut hvers byggðarlags innan sveitarfélagsins sem rétt getur átt á úthlutuðum byggðakvóta.

Úthlutun innan sveitarfélagsins verður eftirfarandi:

Byggðarlag	Hlutfall úthlutunar af heildarúthlutun til allra byggðarlaga	Breyting úthlutunar milli ára (í þorskígildistönnum)	Úthlutun fiskveiðiársins 2022/2023 (í þorskígildistönnum)	Úthlutun fiskveiðiársins 2021/2022 (í þorskígildistönnum)
Arnarstapi	0,3%	0	15	15
Hellissandur	0,3%	0	15	15
Ólafsvík	0,6%	0	27	27
Rif	0,3%	0	15	15
<b>Snæfellsbær samtals:</b>	<b>1,5%</b>	<b>0</b>	<b>72</b>	<b>72</b>

Þar sem endanleg úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiárinu 2022/2023 liggur fyrir er sveitarfélögum því gefinn frestur til **13. janúar** n.k. að senda ráðuneytinu tillögur um sérreglur. Tillögur sveitarfélaga verða síðan til kynningar á vef ráðuneytisins til **23. janúar** og í framhaldinu verða sérreglur fyrir hlutaðeigandi byggðarlög teknar til efnislegrar meðferðar.

Í þeim tilvikum að ekki komi fram óskir um sérreglur innan framangreinds tímafrests mun ráðuneytið beina því til Fiskistofu að auglýsa byggðakvóta fyrir viðkomandi byggðarlög til umsóknar eins fljótt og auðið er. Einnig geta sveitarfélög sent ráðuneytinu staðfestingu á að ekki sé fyrirhugað að leggja fram tillögu að sérreglum og þá mun ráðuneytið beina því til Fiskistofu að auglýsa byggðakvóta til umsóknar í viðkomandi byggðarlögum án tafar.

Bent skal á að til hagræðingar fyrir sveitarfélög þá hefur ráðuneytið tekið saman leiðbeiningar og form til útfyllingar sem mælt er með að sveitarfélög noti vegna tillögu um sérreglur og rökstuðning vegna þeirra og fylgir með í viðhengi.

f. h. matvælaráðherra

Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir  
Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir

Jón Þrándur Stefánsson  
Jón Þrándur Stefánsson

## **Leiðbeiningar vegna samantektar og afgreiðslu á tillögum sveitarstjórna um sérstök skilyrði (sérreglur) vegna byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2022/2023**

Í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, er að finna ákvæði er varða skilyrði um úthlutun aflaheimilda í einstökum byggðarlögum. Ráðherra setur almenn skilyrði fyrir úthlutun með reglugerð. Almennar reglur um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2022/2023 er að finna í reglugerð nr. 1370/2022, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2022/2023 (<https://www.stjornartidindi.is/PdfVersions.aspx?recordId=bafaf8a2-9146-49f7-a562-d2ab164ded09>). Ráðherra getur **heimilað á grundvelli rökstuddra tillagna sveitarstjórnar** að sett verði sérstök skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda í einstökum byggðarlögum er víkja frá eða eru til viðbótar hinum almennu skilyrðum enda séu þau **byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum og í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlaga**.

Í 7. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, eru ákvæði er varða skilyrði um **skyldu til að landa til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga** og getur ráðherra **heimilað á grundvelli rökstuddra tillagna sveitarstjórnar** að sett verði sérstök skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda í einstökum byggðarlögum er víkja frá eða eru til viðbótar hinum almennu skilyrðum enda séu þau **byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum**.

Ráðherra getur því á grundvelli framangreindra heimilda byggt á tillögum sveitarstjórna sem víkja frá ákvæðum í almennu reglum sem er að finna í framangreindri reglugerð.

Nánari upplýsingar um málsmeðferð á tillögum sveitarstjórna er síðan að finna í 3. gr. reglugerðarinnar. Þar er ákvæði um **fjögurra vikna frest fyrir sveitarstjórnir** til að skila tillögum og ákvæði um **kynningu ráðuneytis á tillögum sveitarstjórna** á vefsíðu ráðuneytisins.

Til upplýsingar þá verður ferli á afgreiðslu tillagna sveitarfélags um sérreglur vegna byggðakvóta í byggðarlagini eftirfarandi:

### **Málsmeðferð sveitarstjórnar**

Sveitarstjórn tekur saman tillögur, telji hún þörf á því, og rökstuðning að sérreglum vegna byggðakvóta. Sveitarstjórn fjallar um tillögurnar á fundi og bókað er um afgreiðslu málsins í fundargerð. Erindi með tillögum með áritun sveitarstjórnar ásamt afriti af fundargerð er sent rafrænt til matvælaráðuneytis á tölvupóstfangið [mar@mar.is](mailto:mar@mar.is).

### **Málsmeðferð ráðuneytis**

1. Ráðuneytið tilkynnir viðeigandi sveitarfélögum um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga innan sveitarfélagsins á grundvelli ákvæða reglugerðar nr. 1018/2022, um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiarinu 2022/2023.
2. Erindi sveitarstjórnar um beiðni á setningu sérreglna berst ráðuneytinu ásamt tillögu að sérreglum.
3. Ráðuneytið móttækur erindið og undirbýr kynningu á tillögu sveitarfélags.
4. Kynning á tillögum sveitarstjórnar. Ráðuneytið birtir tillögu sveitarstjórnar á vef ráðuneytisins í sjö daga og óskar eftir athugasemdum varðandi tillögu viðkomandi sveitarstjórnar.
5. Ráðuneytið móttækur athugasemdir vegna tillögu sveitarstjórnar fyrir viðkomandi byggðarlag og undirbýr kynningu á athugasemdum.
6. Ráðuneytið metur hvort rökstuðningur tillagna sveitarstjórnar sé fullnægjandi eða hvort um annmarka sé um að ræða á tillögu sveitarstjórnar vegna viðkomandi byggðarlags m.t.t. afgreiðslu hennar. Ef svo er þá er sveitarstjórn tilkynnt um slíkt og gefinn kostur til úrbóta á innsendri tillögu.
7. Ráðuneytið tekur tillögu sveitarstjórnar til efnislegar meðferðar. Við mat ráðuneytisins verður sérstaklega litið til rökstuddra tillagna sveitarfélags um að víkja frá skilyrðum á grundvelli málefnalegra og staðbundinna ástæðna enda séu þau í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlaga. Ráðuneytið kannar hvort aðstæður hafi breyst í viðkomandi byggðarlagi sem gefi tilefni til að fallast á eða hafna tilteknum atriðum í tillögum sveitarstjórnar. Bent skal á að þótt tiltekna tillögur að sérreglum hafi verið staðfestar á fyrri fiskveiðiarum er það ekki vísbending um að sambærilegar tillögur að sérreglum muni verða samþykktar fyrir viðkomandi byggðarlag fyrir fiskveiðiaríð 2022/2023 þar sem ráðuneytinu ber að taka afstöðu til hverrar tillögu fyrir sig með hliðsjón af málefnalegum og staðbundnum ástæðum og í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlaga í hverju tilviki fyrir sig.
8. Ráðuneytið skrifar fundargerð um afgreiðslu erindis.
  - a. Ráðuneytið staðfestir að fullu tillögu sveitarstjórnar um sérreglur.
  - b. Ráðuneytið staðfestir að hluta tillögu sveitarstjórnar um sérreglur.
  - c. Ráðuneytið hafnar tillögu sveitarstjórnar um sérreglur.

Ráðuneytið sendir bréf til sveitarstjórnar um niðurstöðu ásamt rökstuðningi á afgreiðslu. Ef ástæða er til þá er sveitarstjórnnum gefin kostur til úrbóta á innsendri tillögu.

9. Auglýsing sérreglna fyrir viðkomandi byggðarlag/byggðarlög er send Stjórnartíðindum til birtingar. Ráðuneytið getur gert leiðréttingar og formbreytingar á tillögum sveitarstjórna ef þörf er á ef það er nauðsynlegt m.t.t. málfars eða samhengis. Ráðuneytið mun hins vegar ekki leggja til efnisbreytingar á tillögum sveitarstjórna heldur verða slíkar tillögur að berast ráðuneytinu frá viðkomandi sveitarstjórnnum.
10. Ráðuneytið sendir Fiskistofu fyrirmæli um að auglýsa byggðakvóta til fiskiskipa til umsóknar fyrir viðkomandi byggðarlag/byggðarlög eftir að sérreglur hafa verið birtar í Stjórnartíðindum.

#### **Afgreiðsla Fiskistofu**

Fiskistofa auglýsir byggðakvóta fyrir viðkomandi byggðarlag til umsóknar. Í framhaldi af afgreiðslu Fiskistofu á umsóknum er byggðakvóta til einstakra fiskiskipa úthlutað að teknu tilliti til sérreglna sem varða úthlutun ef við á.

Til hagræðingar fyrir sveitarstjórnir hefur ráðuneytið tekið saman form til útfyllingar sem mælt er með að þær noti ef að þær áforma að leggja fram tillögur um sérreglur og rökstuðning vegna þeirra. Athugið að **ekki er nauðsynlegt að tillögur** sveitarstjórna **feli í sér breytingu á öllum ákvæðum 1. gr., 4. gr., eða 6. gr. heldur getur verið um afmarkað frávík eða breytingu að ræða á ákvæði tiltekinnar gr. reglugerðar nr. 1370/2022.**

**Eyðublað matvælaráðuneytis vegna tillögu sveitarstjórnar að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2022/2023**

Til útfyllingar fyrir þau sveitarfélög sem óska eftir að senda inn tillögu að sérstökum skilyrðum.

Ef sveitarfélög óska ekki eftir að sérstök skilyrði verði sett þá er mælt til þess að matvælaráðuneytinu verði send yfirlýsing þess efnis.

<b>Sveitarfélag:</b>	Hér skal rita nafn sveitarfélags.
<b>Tillaga varðar hluteigandi byggðarlag/byggðarlög:</b>	Hér skal tilgreina hvaða byggðarlag tillaga sveitarfélags varðar. Ef um er að ræða tillögu sem varðar fleiri en eitt byggðarlag innan sama sveitarfélags skal tilgreina hvaða byggðarlög er um að ræða.
<b>Dagsetning staðfestingar sveitarstjórnar á tillögu:</b>	Hér skal rita dagsetningu á samþykkt sveitarstjórnar á tillögu að sérreglum sem send er ráðuneytinu. Jafnframt skal senda afrit af fundargerð sveitarstjórnar þar sem ákvörðun vegna tillagna að sérreglum er samþykkt til ráðuneytisins.
<b>Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>	
<b>Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>	Hér þarf fylla inn texta þar sem koma þarf fram orðalag og ákvæði reglugerðar. Greina þarf frá því hvaða skilyrðum er verið að víkja frá eða hvaða viðbótarskilyrði er verið að setja.
<b>Rökstuðningur varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>	Nauðsynlegt er að rökstyðja hvaða málefnalegu sjónarmið liggja að baki tillögu sveitarstjórnar og hverjar séu hinar staðbundnu ástæður fyrir tillögunni. Jafnframt þarf að greina frá hvernig tillagan samræmist hagsmunum viðkomandi byggðarlags/byggðarlaga.
<b>Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b>	
<b>Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b>	Hér þarf fylla inn texta þar sem koma þarf fram orðalag og ákvæði reglugerðar. Greina þarf frá því hvaða skilyrðum er verið að víkja frá eða hvaða viðbótarskilyrði er verið að setja.
<b>Rökstuðningur varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b>	Nauðsynlegt er að rökstyðja hvaða málefnalegu sjónarmið liggja að baki tillögu sveitarstjórnar og hverjar séu hinar staðbundnu ástæður fyrir tillögunni. Jafnframt þarf að greina frá hvernig tillagan samræmist hagsmunum viðkomandi byggðarlags/byggðarlaga.
<b>Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b>	
<b>Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b>	Hér þarf fylla inn texta þar sem koma þarf fram orðalag og ákvæði reglugerðar. Greina þarf frá því hvaða skilyrðum er verið að víkja frá eða hvaða viðbótarskilyrði er verið að setja.
<b>Rökstuðningur varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b>	Nauðsynlegt er að rökstyðja hvaða málefnalegu sjónarmið liggja að baki tillögu sveitarstjórnar og hverjar séu hinar staðbundnu ástæður fyrir tillögunni.
Tillögur sveitarstjórnar sendist rafrænt til matvælaráðuneytis á tölpóstfangið <a href="mailto:mar@mar.is">mar@mar.is</a> .	